



**128. fundur
íþróttaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 9. febrúar 2023 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Sverrir Kári Karlsson, Einar Örn Þorvarðarson, Elísabet Berglind Sveinsdóttir, Gunnar Gylfason, Matthías Hjartarson, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Óskar Hákonarson, Gunnar Guðmundsson, Jón Júlíusson og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2302167 - Æfingagjöld íþróttafélaga 2022-2023

Lögð fram samantekt íþróttadeildar yfir breytingar á æfingagjöldum íþróttafélaga/-deilda, milli áranna 2021/2022 og 2022/2023 sem unnið var úr innsendum upplýsingum frá félögunum.

Lagt fram.

Óskað verður eftir skýringum hjá þeim fáu félögum/deildum þar sem gjöld hafa hækkað umfram viðmið.

2. 2302166 - Æfingatöflur íþróttamannvirkja 2022-2023 - Rammi til úthlutunar

Lagður fram rammi að æfingatöflum fyrir veturinn 2023-2024.

Íþróttaráð samþykkir framlagðan ramma vegna 2023 - 2024.

3. 2302171 - Framkvæmdir og viðhald íþróttamannvirkja 2023

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir helstu framkvæmdar- og viðhaldsverkefni á íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar 2023.

Lagt fram.

4. 2302168 - Styrkir íþróttaráðs - kynning

Farið yfir og kynnt fyrir ráðinu þeir styrkir sem færast aftur yfir til íþróttaráðs ef SÍK verður lagt niður.

Lagt til og samþykkt að íþróttaráð komi saman til vinnufundar þar sem farið verður yfir reglur um úthlutun styrkja og þær endurskoðaðar.

Almenn mál - umsagnir og vísanir

7. 23012267 - Erindi um mikilvægi þess að tryggja stöðu fólks með kynhlutlausu skráningu við umfjöllun um íþróttafólk ársins

Lögð fram bókun frá jafnréttis- og mannréttindaráði þar sem íþróttaráð er hvatt



til þess að hafa kynhlutlausa skráningu íþróttafólks í huga við veitingu verðlauna.

Lagt fram.

Íþróttaráð tekur ábendingunni fagnandi og mun hefja vinnu við að endurskoða reglur varðandi tilnefningar á íþróttafólki Kópavogsbæjar.

Aðsend erindi

6. 2301301 - Óskað eftir upplýsingum varðandi tilnefningar til íþróttakarls Kópavogs

Lagt fram erindi frá GKG, dags. 9. janúar 2023 þar sem óskað er eftir upplýsingum varðandi tilnefningar ráðsins á íþróttakarli Kópavogs.

Íþróttaráð felur deildarstjóra íþróttadeildar að svara erindinu í samræmi við niðurstöðu íþróttaráðs.

Önnur mál

5. 23011621 - Afnot af íþróttamannvirkjum - reiknuð leiga 2022

Lagt fram yfirlit íþróttadeildar yfir reiknaða leigu vegna afnota íþróttafélaga í Kópavogi af íþróttamannvirkjum bæjarins árið 2022.

Yfirlitið er á grundvelli reglna íþróttaráðs um afnot af íþróttamannvirkjum frá 2015. Á móti reiknaðri leigu kemur styrkur frá íþróttaráði að sömu fjárhæð til viðkomandi íþróttafélags, sem skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í ársreikningum félaganna.

Reiknuð leiga vegna 2022 er að upphæð 1.477.480.698,- kr. og skiptist hún eftirfarandi á íþróttafélögin:

Breiðablik 579.995.038, HK 567.844.804, Gerpla 243.509.170, Hvönn 8.054.962, DÍK 1.910.409, Glóð 3.199.493, Stálúlfur 12.772.423, Ísbjörninn 753.466, Augnablik 425.494, Knattspyrnufélag Kópavogs 425.494, Golfklúbbur Garðabæjar og Kópavogs 7.806.235 og Skotíþróttafélag Kópavogs 8.557.829,- kr.

Íþróttafulltrúi kynnti samantekt um þróun á reiknaðri leigu síðustu ára.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.


